


27.01.2021

## VERKLEGAR FRAMKVÆMDIR FYRIR 139 MILLJARÐA KRÓNA Á ÁRINU

Áætlaðar verklegar framkvæmdir hins opinbera á þessu ári eru samtals 139 milljarðar króna samkvæmt því sem fram kemur á Útboðsþingi SI 2021. Þetta er 7,4 milljörðum króna meira en kynnt var á Útboðsþingi SI 2020. Um er að ræða talsverðar framkvæmdir sem ætlað er að efla innviði hagkerfisins. Boðaðar framkvæmdir eru um 4,5% af væntri landsframleiðslu ársins sem er viðlíka og á síðasta ári þegar þær námu 4,6% af landsframleiðslu. Það er jákvætt að verið sé að boða til umfangsmikilla framkvæmda þar sem innviðaf framkvæmdir eru fjárfesting í hagvexti framtíðarinnar. Mikil uppsöfnuð þörf er fyrir innviðaf framkvæmdir víða og henta því framkvæmdirnar vel til að skapa hagkerfinu nauðsynlega viðspyrnu og störf á tímum mikils samdráttar í efnahagslífinu.

Áætlað heildarverðmæti framkvæmda opinberra aðila, í milljörðum króna



Umfangsmestu framkvæmdirnar boða Reykjavíkurborg, Vegagerðin og Framkvæmdasýsla ríkisins (FSR). Reykjavíkurborg fyrirhugar framkvæmdir fyrir 28,6 milljarða króna í ár sem er töluvert meira en í fyrra þegar borgin boðaði framkvæmdir fyrir 19,6 milljarða króna, þar sem verið er að fjárfesta mjög víða með einkaaðilum. Um er að ræða fjölbreytt verkefni fyrir allar tegundir verktaka. Vegagerðin boðar nú framkvæmdir fyrir 27,6 milljarða króna sem er nokkur lækkun frá boðuðum framkvæmdum í fyrra þegar þær námu 38,7 milljörðum króna. Af fjárheimildum stofnunarinnar fyrir árið í ár eru 15,5 milljarðar króna til nýframkvæmda og ríflega 12 milljarðar króna til viðhaldsframkvæmda. Meðal verkefna eru samvinnuverkefni með einkaaðilum, svokölluð PPP verkefni, fyrir um 9 milljarða króna. Framkvæmdasýsla ríkisins áætlaðar framkvæmdir fyrir 22,8 milljarða króna á árinu sem er veruleg aukning frá því í fyrra þegar hún boðaði 9,3 milljarða króna framkvæmdir. Um er að ræða aukningu sem skýrist af fjárfestingaráttaki stjórnvalda. Alls eru þetta 91 útboð fjögurra ríkisaðila, þ.e. FSR, Ríkiseigna, Háskóla Íslands og Landspítalans háskólasjúkrahúss.


Aðrir opinberir aðilar sem fyrirhuga nokkuð umfangsmiklar framkvæmdir á árinu eru Isavia, Veitur, Landsnet og Nýi Landspítalinn (NLSH). Áætlaðar framkvæmdir Isavia hljóða upp á 13,5 milljarða króna á árinu sem er nokkuð minna en fyrirhugað var hjá fyrirtækinu fyrir ári en á Útboðsþingi SI í fyrra boðaði það 21 milljarðs króna framkvæmdir. Um er að ræða sex framkvæmdir sem eru innan uppbyggingar- og þróunaráætlunar Keflavíkurlflugvallar. Þetta eru tvær viðbyggingar við flugstöðina, tvö verkefni tengd flugakbrautarkerfinu og tvö verkefni tengd vegakerfinu umhverfis flugvöllinn. Veitur fyrirhuga framkvæmdir fyrir 12 milljarða króna á árinu samanborið við 8,8 milljarða króna í fyrra. Af þessum áætluðu útboðum í ár eru um 4 milljarðar í viðspyrnu vegna COVID-19. Skiptast framkvæmdirnar þannig niður hjá Veitum að fráveitan er með um 2,5 milljarða króna, rafveitan með 3,5 milljarða króna, vatnsveitan með tæplega 1,6 milljarða króna og hitaveitan með tæplega 4,6 milljarða króna. Landsnet fyrirhugar 11,9 milljarða króna framkvæmdir sem er álíka og í fyrra þegar fyrirtækið boðaði framkvæmdir fyrir 11,7 milljarða króna. Um 3,5 milljarðar króna eru í jarðvinnu og byggingum, 3,2 milljarðar króna í rafbúnaði og uppsetningu, 1,6 milljarður í jarðstrengjum, 1,1 milljarður í loftlínuvefni og 0,7 milljarðar króna í hönnun og eftirliti. NLSH boðar síðan framkvæmdir fyrir 11 milljarða króna í ár samanborið við 12 milljarða króna í fyrra. Um er að ræða Hringbrautarverkefnið svokallaða sem skiptist í fimm verkhluta, þ.e. meðferðarkjarna, rannsóknahús, bílakjallara undir Sóleyjartorgi, bílastæða- og tæknihús, tenginganga og tengibrýr og svo götur, veitur og lóð.

Minni aðilar í opinberum framkvæmdum á árinu eru Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH), Landsvirkjun, Orka náttúrunnar og Faxaflóahafnir. SSH boða framkvæmdir fyrir 6,6 milljarða króna á þessu ári. Um er að ræða framkvæmdir sem snúa að gatnasvæðum og veitumálum, uppbyggingu og endurbótum á húseignum og íþróttamannvirkjum. Þá ráðgerir Landsvirkjun framkvæmdir fyrir 3,6 milljarða króna í ár samanborið við boðaðar framkvæmdir fyrir 4,1 milljarð króna á Útboðsþingi SI í fyrra en sögulega séð er fyrirtækið í litlum framkvæmdum um þessar mundir. Að stærstum hluta er um að ræða viðhalds- og endurbótaverkefni. Orka náttúrunnar reiknar einungis með 1,4 milljarði króna í framkvæmdir í ár samanborið við 4,5 milljarða króna í fyrra. Um er að ræða að mestu viðhalds- og endurnýjunarverkefni. Faxaflóahafnir reka svo lestina með boðaðar framkvæmdir fyrir ríflega 200 milljónir króna í ár samanborið við 2,2 milljarða í fyrra.

## HEILDARVERÐMÆTI FRAMKVÆMDA 29% MINNA EN BOÐAÐ VAR Á SÍÐASTA ÁRI

Boðaðar framkvæmdir segja hins vegar ekki alla söguna hvað varðar framkvæmdir á árinu. Áætluð útboð á árinu eru verk sem klárast ekki endilega innan ársins. Auk þess verður stundum ekki af útboðum eða þau frestast. Nokkur munur getur því verið á boðuðum framkvæmdum og þeim sem ráðist er í á árinu. Þannig var heildarverðmæti framkvæmda á árinu 2020 um 29% minna en boðað var á Útboðsþingi SI 2020. Vegur þar þungt að framkvæmdir Isavia voru ekki nema tæpar 200 milljónir króna í fyrra samanborið við framkvæmdaáætlun upp á 21 milljarð króna í ár. Heimsfaraldur kórónuveiru hafði þar augljóslega mikil áhrif. Reykjavíkurborg boðaði framkvæmdir fyrir 19,6 milljarða króna á Útboðsþingi SI í fyrra auk 2,5 milljarða króna í fjárfestingaráttak vegna COVID-19. Heildarverðmæti framkvæmda hljóðaði upp á 21,1 milljarð króna sem er einum milljarði minna en áætlanir ársins gerðu ráð fyrir. Framkvæmdir Vegagerðarinnar á síðasta ári voru 7,6 milljörðum króna minni en boðaðar framkvæmdir á Útboðsþingi SI 2020. Auk þess sem nánast engar framkvæmdir voru á vegum Faxaflóahafna og Orku náttúrunnar á síðasta ári.

### Áætluð útboð opinberra aðila og framkvæmdir 2020, í milljörðum króna



Umboðsaðili	Útboðsþing 2021	Útboðsþing 2020
Reykjavíkurborg	28,6	19,6
ISAVIA	13,5	21,0
Landsnet	11,9	11,7
NLSH	11,0	12,0
Veitur	12,0	8,8
FSR	22,8	9,3
Faxaflóahafnir	0,23	2,2
Orka náttúrunnar	1,4	4,5
Vegagerðin	27,5	38,7
Landsvirkjun	3,6	4,1
SSH	6,6	-
<b>Samtals</b>	<b>139,3</b>	<b>131,9</b>